



myndlist



Rauðir klettar (1981), eftir Ing-elu Berntsson

Norræn vefjarlist að Kjarvalsstöðum



Himinn og jörð (1982), eftir Hildi Hákonardóttur.

Norræn vefjarlist 1982–83 er 3. þríæringurinn sem veflistamenn í Norðurlöndum efna til. Þessi stóra og yfirgripsmikla sýning er nú stödd á Kjarvalsstöðum til mánaðamóta. Hingað kemur hún frá Finnlandi og Svíþjóð, en heldur síðan áfram til Þórshafnar, Björgvinjar og Kaupmannahafnar.

Eins og áður segir er sýningin stór í sniðum og þekja 86 verk sali og ganga, auk þess sem textilkonur úr Gallerí Langbrók halda sýningu á smámunum og eru þeir 47 að tölu. Áberandi er hlutur Dana, en þeir sýna yfir 30 verk. Norðmenn og Svíar eru með um 20, Finnar 10 og Íslendingarnir eru 5, hver með eitt verk.

Segja má að sýningin sé æði misjöfn, skiptast á tilþrifamikil verk og önnur sem lítið bragð er að. Svo virðist sem gæði verkanna fari eftir stærð, svo ótrúlega sem það kann að hljóma. Öll hin bestu eru stór í sniðum, en þess ber að geta að lítið er um smámyndir eða minni vefnað (hér á ég við farandssýninguna, en ekki framlag Langbrókar). Undantekning er þó „Kross og hringur“, Synnøve Aurdal, sem þó er tveggja metra langur, en mjór og ber vott um persónuleg vinnubrögð, sérstæds listasmanns.

Halldór B. Runólfsson
skrifar



Þótt sýningin beri með sér einkenni norræns vefnaðar er vart hægt að sjá n-ina „línu“ eða sérstaka stefnu, meira áberandi en aðra. Jafnvel eru listamenn frá sama landi gjörólíkir, en heildin er hefðbundin eigi að síður. Það er lögð meiri áhersla á val efniviðar og aðferða nú, en á fyrri þríæringum, ef ég man rétt. Minna er um hreinan myndvefnað en þessístað er mikið um

blandaða tækni, vefnað, saum og þrykk saman. Sjaldan er þó farið út fyrir svið hins hefðbundna veggteppis og róttæk tilraunastarfsemi er ekki áberandi.

Töluverð gróska virðist vera í danskri vefjarlist, enda eru þeir veglega kynntir á Kjarvalsstöðum. Þess má reyndar geta að sú manneskja sem mest hefur stuðlað að viðgangi norrænu veflistarsýninganna, er danskur vefjarinn Nanna Hertoft. Hún er nokkurs konar verndari þríæringins og ritar hún inngang að sýningarskránni, þar sem hún fjallar um

sýningarnar og vandamál samfara slíku risafyrirtæki. Á sýningunni er stórt teppi eftir Hertoft, myndvefurinn „Norræn veðrátt“, veglegt dæmi um skandinavíska afstöðu hennar til myndefnis og tæknibragða.

Annars var það ekki myndvefnaðurinn sem reyndist vera hin sterka hlið Dananna. Vefur „An titils“ eftir Anitu Adele Jørgensen, sýndist mér vera eitthvert besta verkið á sýningunni. Þetta er látlaust krosslaga teppi í þremur hlutum, óreglulegt með ívafi úr pappír, fínleg blæ-

brigði við grófan og ljósan vefinn.

Andstæða þessa vefs, „Spor mannanna 2“ eftir Conni Maria Johnsen, er stór tvístæða máluð í skærum litum á satín-dúk. Þetta er hressilega og frjálst málað verk. Ferskleiki þess smitar vestursalinn. Johnsen hefur að baki þann óvenjulega námsferil, að hafa stundað nám í kalligrafíu (myndletursskrift) við Háskólann í Kyoto í Japan.

Báðir síðasttöldu listamennirnir eru fæddir sama ár, 1942, og reyndar virðist 5. áratugurinn,

einkum stríðsárin, hafa fætt af sér kynslóð góðra vefara. Fléttaður bandvefur Naja Salto, „Jörðin“ og þrykkverk Else Kallesøe, „Diagonal Composition“, sem lífgar svo mjög up á austursalinn, eru verðug dæmi þessu til sönnunar.

Norska framlagið stenst varla samaburt við hið danska. Það má þó finna þar afbragðshluti og ber hæst „Himinn-Feldur“, risastórt lérefts- og damaskteppi, þrykkt og stungið nöglum, eftir Bente Sætrang. Þetta er áhrifamikið verk og heldur nánast uppi hlut Norðmanna. „Krákurnar“ eftir Samann Brittu Marakatt, lýsir pólitískum veruleik, baráttu þessa merkilega þjóðflokks við virkjanaglatt ríkisvald, 10 breiddargráðum sunnar á hnettinum. Það ríkir barnsleg kaldhæðni yfir þessari bróðeruðu mynd. „Pristæða“ Turid Holter og verk Mette Stausland snerta mig lítt. Það hvílir einhver maníerismi yfir þessari tilraunastarfsemi. „Minningar frá Japan“ eftir Wenche Kvalstad Eckhoff, er sannverðugra verk, þótt vissra popplisja gæti þar um of.

Þrátt fyrir sundurleitt samansafn, flagga Svíar nokkrum ágætum verkum og er eitt þeirra frábært. Það er „Rauðir klettar“ eftir Ingela Berntsson. Þetta er flókinn vefnaður, eða eins og segir í skránni, marglita varpmyndaður vefur með tvöföldu ívafi. Þó virkar það svo létt og leikandi í allri sinni mónumentalstærð, að þræðirnir verða gagnsærir sem vatnslitir. Kannski er þetta hápunktur sýningarinnar.

Annar athyglisverður veflistarmaður af yngri kynslóð sænskra er Dyveke Zadig. Staglverk hennar „Frostatíð“ er einkar nútímalegt að gerð og viðfangi, skínandi í lit og formi. Annars á myndvefnaður sterk í-tök í Svíum og eru bestu dæmin að finna hjá Inger Wihl, „Af hafi ertu komin(n)“ og í hinu spaugilega verki „Í skvaldurspeglum mínum“, eftir Birgittu Nelson Clauss. Af annarri tækni má nefna „Fragment II“, eftir



Sumar (1981), eftir Leenu Saarto.